

L Ö G

um viðauka við lög nr. 85 22. nóv. 1907, um brunamál.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttnerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 13. gr. laganna bætist: Sérstaklega ber að gæta hinnar ýtrustu varúðar um meðferð kertaljósa á jólatrjám og ljósa eða elds í kringum þau.

2. gr.

Aftan við 14. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Bannað er að halda opinberar jólatréssamkomur nema leyfi lögreglustjóra eða hreppstjóra komi til. Má ekki halda þær í öðrum húsum en þeim, sem teljast vel útbúin til þess, meðal annars um útbúnað dyra og annara skilyrða til útgöngu.

Atvinnumálaráðherra getur í reglugerð sett ákvæði um varúðarráðstafanir gegn eldsvoða, einkum þar, sem sérstök eldhætta er, svo sem í leikhúsum, á opinberum jólatréssamkomum og þar, sem jólatré með kertaljósum annars eru notuð, hvort sem er á samkomum eða í heimahúsum. Í reglugerð þessari má ákveða, að sérstakt eftirlit skuli haft með opinberum leiksýningum og jólatrésskemmtunum að því er tekur til eldhættu. Í reglugerðinni má setja nánari reglur um útbúnað dyra og önnur skilyrði til útgöngu úr leikhúsum og samkomuhúsum, ef eldsvoða ber að höndum. Ber þá að taka sérstakt tillit til þess, hvort húsin sjálf eru úr timbri eða úr óeldfimu efni.

3. gr.

21. gr. laganna orðist þannig:

Hver sá, sem brýtur ákvæði 13.—20. greinar, eða reglugerðar, sem sett kynni að verða samkvæmt þeim, skal sæta frá 5—1000 króna sektum, jafnvel þótt ekkert tjón hafi af brotinu hlotizt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.